

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*29. september 2017*

**Ágætu foreldrar/forráðamenn.**

Á skógardeginum á Hólum tóku nemendur skólans þátt í Norræna skólahlaupinu og stóðu sig með stakri þryði. Gaman er að segja frá því að alls hlupu nemendur skólans 185 km.

***Haustsamvera***

Haustsamveran í ár verður fimmtudaginn 5. október kl.18 - 20 fyrir 1. – 10. bekk. Haustsamveran er vettvangur fyrir alla foreldra, kennara og nemendur til að hittast og ræða saman. Haustsamveran fer fram í grunnskólanum.

***Haustþing kennara föstudaginn 6. október.***

Föstudaginn 6. október verður frí hjá nemendum vegna haustþings kennara.

***Minningarhátíð (Rakelarhátíð).***

Sunnudaginn 8. október verður Rakelarhátíðin haldin í Höfðaborg en hún hefur fyrir löngu unnið sér sess í menningarlífi svæðisins. Fyrir þá sem ekki vita er hátíðin fjáröflunarskemmtun fyrir Minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur sem var nemandi hér við skólann en lést af slysförum árið 1988, aðeins 8 ára gömul. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina staðið þétt við bakið á skólanum og gefið fjölmarga hluti til hans, bæði til félagsstarfa nemenda og eins tæki til notkunar í kennslu. Nú hefur grunnskólinn tekið við keflinu af fjölskyldu Rakelar og sér alfarið um framkvæmd hátíðarinnar. Skemmtunin hefur alla tíð notið velvildar samfélagsins og flestir þeir sem að henni hafa komið gefið vinnu sína. Undirbúningur er vel á veg kominn og viljum við biðja þá sem eru áhugasamir að koma að framkvæmd hátíðarinnar að gefa sig fram. Verkefni eru margskonar og snúast fyrst og fremst um bakstur og vinnu í eldhúsi. Vinnufúsir og framtakssamir eru beðnir um að hafa samband við Völu Kristínu sem fyrst. Ræðumaðurinn í ár verður Hildur Eir Bolladóttir og Sólmundur Friðriksson leikur nokkur ljúf lög.

***Dans- og vinavika***

Vikan 9. – 13. október verður með frekar óvenjulegu sniði en þá verður danskennsla og þemavinna á Hofsósi. Allir nemendur skólans verða saman á Hofsósi, tveir og tveir árgangar verða saman nema 8. - 10. bekkur verða saman. Þemavinnan tengist vináttu og verða unnin margvísleg verkefni í tengslum við þemað.

Skólaakstur breytist ekki að öðru leyti en því að allir nemendur á Sólgorðum koma með Ellu á morgnana.

Tónlistarkennsla verður felld inn í dagskrána þannig að haft sé í huga að enginn missi af danstíma svo tímasetningar geta breyst.

Skipulag dans- og vinaviku verður auglýst betur í næstu viku.